



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26.05 2010
Mál: 201005-0022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldprotaskipti og fyrning kröfuréttinda (449 mál).

Alþýðusamband Íslands er sammála þeirri meginhugsun sem í frumvarpinu felst en telur þó að skilyrði 1.gr. og 2.gr. um „ólögmætar“ athafnir séu ófullnægjandi. ASÍ telur að auk þess að binda fyrningu við ólögmætar athafnir verði hún bundin sömu eða svipuðum skilyrðum og greinir í frumvarpi um greiðsluaðlögun þar sem segir í 7.gr.:

Einnig er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef slíkt þykir óhæfilegt. Við mat á slíku skal taka sérstakt tillit til þess hvort:

- a. stofnað hafi verið til meginhluta skuldanna nýlega og ekki sé um að ræða eðlilega lántöku til endurfjármögnunar eða öflunar nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis,
- b. umtalsverður hluti skuldanna eigi rætur að rekja til refsiverðrar háttsemi skuldara samkvæmt dómi,
- c. skuldari hafi efnt til fjárfestinga eða gert ráðstafanir sem hefðu verið riftanlegar við gjaldprotaskipti,
- d. skuldari hafi á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt,
- e. skuldari hafi á ámælisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga eða skuldir hans eru þess eðlis að bersýnilega sé ósanngjarnt að heimild til greiðsluaðlögunar nái til þeirra.

Í greinargerð segir síðan um 7.gr.:

„Í 2. mgr. kemur fram að umboðsmanni skuldara sé heimilt að synja heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef augljóst má vera að samþykkt umsóknar væri óhæfileg. Í framhaldinu eru í fimm liðum rakin atriði sem umboðsmaður skuldara skal sérstaklega líta til við mat á slíku. Ekki þykir rétt í b-lið 2. mgr. að útiloka rétt til greiðsluaðlögunar þótt einhver hluti skulda stafi af refsiverðri háttsemi, en umboðsmanni er falið mat á þýðingu þess. Þá er í e-lið 2. mgr. almenn heimild til synjunar ef um er að ræða aðila sem mjög hafa farið offari í skuldsetningu, sem og í þeim tilvikum þegar rót skulda er af þeim toga að samfélagslega óásættanlegt er að greiðsluaðlögun nái til skuldara. Sem dæmi um slíkt má nefna skuldir vegna viðskipta í aðdraganda falls bankanna haustið 2008 og þá sérstaklega skattskuldir tengdar slíkum viðskiptum. Á vegum skattyfirvalda er nú unnið að rannsókn á viðskiptum í hinum föllnu bönkum og grunur leikur á stórfelldum skattundanskotum. Álagning skatta á slík viðskipti eða á niðurfellingar af stórtækri skuldsetningu á grundvelli kaupréttarsamninga er dæmi um skuldsetningu sem ekki er þess eðlis að sanngjarnt sé að ákvæði greiðsluaðlögunar nái til hennar, enda álagningunni sannanlega ætlað að afla samfélaginu sanngjarns endurgjalds fyrir þá aðstöðu sem skuldari naut.“




Og almennt um þetta skilyrði: „Ekki má samþykkja umsókn ef hún telst á einhvern hátt óeðlileg. Það á t.d. við ef skuldasöfnun á rætur að rekja til ólögðra eða ósiðlegra athafna skuldara. Í því samhengi má nefna að ef greiðsluferfiðleikar stafa af brotastarfsemi eða margvíslegri misnotkun kemur ekki til álita að samþykkja greiðsluaðlögun.“

ASÍ telur mikilvægt að ákvæði gjaldþrotalaga um fýringu annars vegar og laga um greiðsluaðlögun kallist á þ.a. að leiði ekki til ósanngjamar mismununar eftir því í hvorri aðstöðunni skuldari lendir.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/2465
komudagur 20.5.2010

Reykjavík 20. maí 2010
Tilvísun FLE 23-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur


Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti
o.fl. , 449 mál.

Með tölvupósti dags. 12. maí s.l. óskaði Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn
Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar
FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
b/t Allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2563
komudagur 27.5.2010

26. maí 2010

Tilvísun: 2010050029


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, 449. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts, þann 12. maí sl., þar sem allsherjarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, 449. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins og hefur ekki athugasemdir vegna þess. Fjármálaeftirlitið bendir hins vegar á að æskilegt hefði verið að kanna möguleg áhrif breytinganna á einstök fjármálafyrirtæki.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar Þ. Andersen



Árný J. Guðmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2561
komudagur 27.5.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti og fyrning kröfuréttinda (fyrningarfrestur) 449. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp.

Samtök atvinnulífsins taka undir það sjónarmið sem frumvarp þetta byggir á, þ.e.a.s. að tryggja að eftir gjaldþrot sé ekki hægt að halda kröfum lifandi að eilífu og að tryggja að einstaklingur sem gengur í gegnum gjaldþrot geti unnið sig út úr því. Mikilvægt er einnig að kröfuhafar hafi eðlilegan frest til að knýja á um fullnustu krafna sinna fáist þær ekki greiddar á gjalddaga.

Hins vegar telja samtökin að sá fyrningarfrestur sem lagður er til í frumvarpinu, þ.e.a.s. 4 ár sé of stuttur, sérstaklega með tilliti til þess að í lögum um greiðsluaðlögun er gert ráð fyrir að greiðsluaðlögun vari í 2-5 ár. Til að greiðsluaðlögun nái markmiði sínu verður að vera fyrir hendi hvati fyrir skuldara að reyna að greiða hluta af sínum skuldum með greiðsluaðlögun eða með sértækri skuldaaðlögun fjármálafyrirtækja. Ef fyrningarfrestur vegna gjaldþrots er orðinn jafn langur eða jafnvel styttri en greiðsluaðlögun er ætlað að standa yfir er hætt á að ekki verði lengur til staðar sá hvati sem áður er minnst á. Vegna þessa mæla samtökin með því að fyrningarfresturinn verði a.m.k. 7-8 ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Alþingi
1 Erindi nr. P 138/2604
komudagur 31.5.2010

SFF
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 28. maí 2010

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti og fyrning kröfuréttinda
(fyrningarfrestur) 449. mál.**

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp. SFF eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins (SA). SA hafa sent þinginu umsögn um frumvarpið, dags. 26. maí sl.. SFF vísa til umsagnar SA og senda ekki sjálfstæða umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2598
komudagur 28.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, sbr. mál nr. 449,

Tollstjóra hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. maí 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 á þann veg að við 2. mgr. 165. gr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi:

„Fyrningarfrestur samkvæmt 165. gr. gþl. skuli vera fjögur ár og er ekki unnt að slíta fyrningu að nýju enda hafi krafa ekki orðið til vegna ólögmætra athafna þrotamanns.”

Samsvarandi breyting er lögð til á 9. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

Bent er á að reglur frumvarpsins eru í andstöðu við rótgrónar meginreglur kröfuréttar um að við rof fyrningar hefjist nýr jafnlangur fyrningartími kröfu og að hægt sé að viðhalda kröfum með fullnstugerðum. Reglan felur í sér algjöra uppgjöf skulda 4 árum eftir skiptalok og gæti haft mjög óæskileg áhrif á greiðsluhegðun og verið hvetjandi til áhættuhegðunar varðandi fjárhagsskuldbindingar. Reglan gæti hafti hvetjandi áhrif á skuldara til þess að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu þar sem það væri hagstæðara en að fara í greiðsluaðlögunarferli eða standa skil á skuldbindingum sínum.

Bent er á að úrræði skuldara um greiðsluaðlögun verði verulega raskað verði frumvarpið að lögum. Sjá má fyrir sér að það úrræði verði ekki notað af hálfu skuldara þar sem það verði miklu hagkvæmara og einfaldara að þeir krefjist sjálfir gjaldþrotaskipta á búum sínum á grundvelli ógjaldfærni. Viðkomandi skuldari mundi þá losna við greiðsluaðlögunarferli sem er tímafrekt og gerir jafnframt þá kröfu til skuldara að þeir greiði eftir greiðslugetu sinni á meðan á greiðsluaðlögunartíma stendur.

Þá gerir Tollstjóri athugasemdir við hið óljósa orðalag „ólögmætar athafnir þrotamanns” í 1. mgr. 2. gr. Engar skýringar er að finna í greinargerð með ákvæðinu hvað felist efnislega í því eða hver ákveði að um ólögmæta athöfn sé að ræða.



TOLLSTJÓRI

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2562
komudagur 27.5.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2010.

Fni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldbrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. (449. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingu á reglum um fyrningu krafna vegna gjaldbrots aðila.

Í kjölfar þess hruns sem varð á fjármálamörkuðum haustið 2008 hefur efnahagsástand bæði fyrirtækja og heimila farið versnandi. Vegna þessa hefur verið farið út í veigamiklar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að aðstoða heimili og fyrirtæki landsins. Mörg þeirra úrræða hafa þegar tekið gildi, önnur eru í fullum undirbúningi.

Ofangreint frumvarp felur í sér þær breytingar að ekki verður hægt að slíta fyrningarfresti krafna vegna gjaldbrots að fjórum árum liðnum frá lýsingar- eða viðurkenningardegi kröfu. Með þessu er ætlað að gera einstaklingum kleift að komast undan kröfum eftir gjaldprot eigi síðar en fjórum árum eftir þrotið í stað þess fyrirkomulags sem gildir nú þar sem kröfum er haldið lifandi um lengri tíma.

Hugmyndafræðin að baki ofangreindu frumvarpi er góð og gild og sett fram með hag heimila og einstaklinga í skuldavanda að leiðarljósi. Sjónarmið hér að baki er að gera einstaklingum kleift að hefja fjárhagslega uppbyggingu aftur eftir þrot. Það verður þó að gæta þess að fyrirkomulagið leiði ekki til þess að hagkvæmt verði fyrir einstaklinga að lýsa sig gjaldþrota í stað þess að vinna sig úr fjárhagslegum vanda í samstarfi við kröfuhafa. Aðili sem stendur erfiðlega fjárhagslega getur séð hag sinn í því að lýsa sig gjaldþrota, þrauka í fjögur ár án þess að greiða uppí eftirstandandi kröfur og að þeim tíma loknum standa eftir skuldlaus. Með þessu hefur ákvæðið snúist upp í andhverfu sýna og er ekki lengur úrræði fyrir einstaklinga til hjálpar heldur undankomuleið frá skuldum sem annars væru greiddar með eðlilegum hætti eða samkomulagi við kröfuhafa.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands